

62

28. jan.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10—1000 krónum, nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum, og skulu mál út af brotum á þeim sæta sömu meðferð og almenn lög-reglumál. Brjóti sérleyfishafi á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar eru samkv. þeim, er auk þess heimilt að svipta hann sérleyfinu þegar í stað.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1935.

Félög og einstaklingar, sem haldið hafa uppi föstum áætlunarferðum á ákveðnum leiðum áður en lögin gengu í gildi, ganga fyrir að öðru jöfnu við veitingu sérleyfis á sömu leiðum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

63

28. jan.

L Ö G

um útflutningsgjald.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmaeri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að vér samkvæmt 6. gr. laga, dagsettra 9. þ. m., um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald, höfum látið færa lagabreytingarnar inn í meginmál téðra laga frá 1921, og gefur þau út að nýju svo breytt:

1. gr.

Af öllum íslenzku afurðum, öðrum en landbúnaðarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, með þeim undantekningum, sem getið er um í 2. gr., skal greiða útflutningsgjald í rikissjóð, er nemi 1½% af verði afurðanna.

Til íslenzkra afurða telst afli, er skip, sem skrásett eru hér á landi, veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

2. gr.

Af hverjum 100 kg. af sildarmjöli skal greiða í rikissjóð kr. 1.00. Af hverjum 100 kg. af óþurrkuðum fiskúrgangi kr. 0.50. Af hverjum 100 kg. af sild, sem flutt er út óunnin til bræðslu, kr. 0.25. Af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum, þurrkuðum og óunnum, kr. 3.00, þó þannig, að ef þessar afurðir eru skattlagðar með útflutningsgjaldi til bæjarsjóðs eða hafnarsjóðs, þá greiðist í rikissjóð gjald, er nemur því, sem á vantar kr. 3.00 af 100 kg.

Brot úr tolleiningu, sem er $\frac{1}{2}$ eða meira, telst heil tolleining, en minna broti skal sleppt.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

3. gr.

Gjald það, er ræðir um í 1. gr., skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra um borð í skip (fob) á þeirri höfn, er þær fyrst fara frá, eða söluverð erlendis (cif), að frádregnu flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda og miðilsgjaldi. Ef afurðir eru sendar óseldar, skal lögreglustjóri ákveða gjaldið eftir því, sem ætla má, að verðar séu með umbúðum, fluttar um borð. Sendandi eða umboðsmaður hans er skyldur til að gefa lögreglustjóra vottorð, að viðlögðum drengskap, um, hvort hið senda er selt eða ekki, og ef selt er, þá söluverð og söluskilmála.

4. gr.

Nú sannar sendandi það, áður 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farm-skírteinis, að verð það, sem lögreglustjóri hefir sett á hinar útfluttu óseldu afurðir, er hærra en hann hefir selt þær, og er stjórnarráðinu þá heimilt að endurgreiða mismuninn.

5. gr.

Til afurða þeirra, er í 1. og 2. gr. getur, telst og afli skipa, er eigi eru skrásett hér á landi, sem verkaður er eða fluttur milli skipa í landhelgi eða á höfn um inni, þótt veiddur sé utan landhelgi.

Hverskonar aðgerð á afla telst verkun, t. d. ef afli er saltaður, ísaður, slægður o. s. frv.

Til téðra afurða telst ennfremur afli hér við land af skipum, sem ekki eru skrásett hér á landi, en hafa þó rétt til að veiða og verka afla í landhelgi. Ríkisstjórninni er þó heimilt, ef hún telur það nauðsynlegt vegna gagnkvæmra viðskiptasamninga, að undanþiggja gjaldi þessu þau þessara skipa, sem ekki taka höfn hér á landi á því almanaksári, sem þau að einhverju leyti stunda veiðar á hér við land.

6. gr.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skipið er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Gjaldið greiðist lögreglustjóra, þar sem varan er tekin, eða, ef hún er eigi flutt úr landi, þá þar sem skip leggur frá landi.

63

28. jan.

7. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskirteinum eða öðrum hleðsluskirteinum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfiriðsing sendanda um vörumagnið, gefin að viðlögðum drengskap.

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

8. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu.

9. gr.

Lögreglustjórar skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjaldinu, eftir því sem stjórnarráðið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í rikissjóð.

Ef lögreglustjóri hefir grun um, að skilríki þau, er um getur í 6. gr., séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella rikissjóður.

11. gr.

Með mál útaf brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lög-reglumál.

12. gr.

$\frac{1}{12}$ hluti tekna þeirra, er fást samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal ganga sem framlag rikissjóðs til ræktunarsjóðs Íslands, unz framlög rikissjóðs til hans samkv. l. nr. 11 1925 og þessum lögum hafa numið samtals 1 millj. kr.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer:

Lög nr. 11 29. maí 1925, um breyting á l. nr. 70 1921, um útflutningsgjald o. fl.

Lög nr. 60 27. júní 1921, um útflutningsgjald á sild o. fl.

Lög nr. 15 14. júní 1929.

Lög nr. 52 8. sept. 1931, 1. gr.

Lög nr. 27 11. nóv. 1899, um útflutningsgjald af hvalafurðum.

Lög nr. 58 19. júní 1933, um breyting á l. nr. 70 1921.

Lög nr. 2 5. jan. 1934, um breyting á l. nr. 52 1931.

63

28. jan.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

64

28. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 2. gr. laga, dagsettra í dag, um breyting á lögum nr. 33 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 21 6. okt. 1919, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa, höfum látið fella hinar nýju lagabreytingar og lögín frá 1926 inn í meginmál fyrrgreindra laga frá 1919, og gefum þau hér með út sem lög um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa:

1. gr.

Skilgetið barn fær íslenzkt ríkisfang jafnskjótt sem það fæðist, ef faðir þess er þá íslenzkur ríkisborgari, og óskilgetið barn, ef móðir þess er það þá.

Nú er ókunnugt um ríkisfang barns, og skal það þá talið íslenzkur ríkisborgari, þar til annað reynist sannara.

2. gr.

Nú hefir karlmaður eða ógift kona, sem fædd eru hér á landi, en eiga þó ekki ríkisfang hér, haft hér samfleytt lögheimili til fullra 19 ára aldurs, og